



Einar Freyr Elínarson
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps
Austurvegi 17
870 Vík

Sjóvarnir í Vík og varnargarðurur við Víkurklett - minnisblað og afstaða Vegagerðarinnar

Vísað er til tölvupósts frá sveitarstjóra Mýrdalshrepps til Vegagerðarinnar þann 10. október 2022. Með póstinum fylgir ný samantekt Jóhannesar Marteins Jóhannessonar jarðfræðings hjá Kötlu jarðvangi varðandi Víkurfjöru og fyrra erindi hreppsins um byggingu þriðja sandfangarans í Víkurfjöru á grundvelli 9. gr. laga um sjóvarnir nr. 28/1997, ítrekað með vísan til þeirrar samantektar.

Síða 1/3

Í ofangreindu erindi er lýst miklum áhyggjum af ástandinu í fjörunni neðan við hesthús sem staðsett eru skammt frá Vík. Vísað er til álits sérfræðings Kötlu jarðvangs sem telur að húsin kunni að vera í hættu vegna ágangs sjávar. Einnig er bent á rof sem myndast hefur við Kötlugarð og gerð krafa um að garðurinn verði varinn og lýst áhyggjum af því að mannvirki séu í hættu.

Vegagerðin hefur í kjölfar erinda sveitarfélagsins tekið til ítarlegrar skoðunar þá kosti sem stofnunin telur skynsamlega í því skyni að verja umrædd mannvirki fyrir ágangi sjávar. Einnig hafa verið skoðaðar þær aðgerðir sem nauðsynlegt væri að grípa til í því skyni að verja land fyrir ágangi sjávar yðri af stækkun iðnaðarsvæðis og lauslega metinn kostnaður vegna þeirra. Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs þar að lútandi.

Beiðni um aðgerðir á grundvelli 9. gr. laga um sjóvarnir

Í erindi sveitarfélagsins er vísað til 9. gr. laga nr. 28/1997 um sjóvarnir og þess krafist að framkvæmdir við gerð nýrra sandfangara verði hafnar á grundvelli þess ákvæðis. Tilvitnað ákvæði er svohljóðandi:

Nú telur Vegagerðin að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 5. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki ráðuneytisins til. Slíkar framkvæmdir ganga framár áætlun um sjóvarnir.

Ákvæðið felur í sér heimild Vegagerðarinnar að fengnu samþykki ráðuneytis til að forgangsraða framkvæmdum sem nauðsynlegar eru til að forða yfirvofandi hættu sem bregðast þarf við. Túlka verður ákvæðið með þeim hætti að gæta

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

þurfi hagkvæmni og ekki grípa til kostnaðarsamari aðgerða en nauðsyn ber til í því skyni að verja mannvirki fyrir yfirvofandi hættu á skemmdum. Að öðrum kosti beri að fylgja áætlun um sjóvarnir í samræmi við samgönguáætlun sem samþykkt er af Alþingi, sjá 3. gr. laga um sjóvarnir.

Með vísan til framangreinds mun Vegagerðin að fengnu samþykki ráðast í aðgerðir sem lýst er í því skyni að verja hesthúsin.

Vegagerðin hefur nú þegar hafið undirbúning að vörn framan við húsin og mun koma því eins hratt og hægt er til framkvæmda. Einnig hefur verið ákveðið að ráðast í framkvæmdir við hækkun flóðvarnar milli sandfangaranna og stefnt að því að þeim verði lokið fyrir árslok.

Með framangreindum aðgerðum er brugðist við og afstýrt þeirri yfirvofandi hættu sem mannvirkjum kann að stafa af ágangi sjávar. Kostnaður við aðgerðirnar nemur aðeins broti af þeim kostnaði sem sveitarstjórn leggur til, þ.e. byggingu þriðja sandfangarans, sjá nánar meðfylgjandi minnisblað og umfjöllun hér að neðan.

Síða 2/3

Óskir um byggingu þriðja sandfangarans

Í ofangreindu erindi er áréttuð sú afstaða Mýrdalshrepps að byggður verði þriðji sandfangarinn austan við núverandi sandfangara. Sveitarfélagið áréttar þar fyrir erindi þessa efnis. Mýrdalshreppur hefur einnig óskað eftir því að sjóvarnarlína sem mörkuð var árið 1994 verði færð til austurs, sjá bréf dags. 12. desember 2019. Erindi sveitarfélagsins um byggingu þriðja sandfangarans og færslu varnarlínu tengjast skipulagsáformum sveitarfélagsins sem snúa að þróun iðnaðarsvæðis til austurs.

Vegagerðin hefur fjallað um málið og bent í þeirri umfjöllun á að óljóst sé talið hvort bygging á nýjum sandföngurum muni tryggja svæði sem um ræðir fyrir rofmætti sjávar, eins og lýst er í meðfylgjandi minnisblaði Vegagerðarinnar frá 12. október 2022. Í ljósi þess sé ekki endilega skynsamlegt að ráðast í svo kostnaðarsamar aðgerðir og að ákvörðun um þær verði að taka í ljósi þess að við mat á aðstæðum verði sem fyrr segir ekki horft fram hjá því að nokkrar líkur séu á því að náttúran hafi sitt fram þrátt fyrir hinar kostnaðarsömu aðgerðir.

Vegagerðin

Í framangreindu minnisblaði frá 12. október 2022 er gerð lausleg grein fyrir áætluðum kostnaði af byggingu þriðja sandfangarans. Fyrir liggur að gera verður ráð fyrir slíku mannvirki í áætlun um sjóvarnir á samgönguáætlun en svo er ekki í gildandi áætlun. Er því að svo komnu ekki unnt að verða við erindi sveitarfélagsins þar að lútandi þegar af þeirri ástæðu. Í ljósi mikils kostnaðar og þar sem óljóst er hvort bygging sandfangarans skili tilætluðum árangri mun Vegagerðin að svo komnu máli ekki mæla með því að gert verði ráð fyrir þeirri

framkvæmd við næstu endurskoðun sjóvarnaráætlunar á samgönguáætlun. Málið er áhættusamt og því alfarið pólitísk ákvörðun hvort farið verður í þessa framkvæmd þrátt fyrir þær aðvaranir sem settar eru fram í minnisblaði Vegagerðarinnar þann 12. október 2022.

Niðurstaða


Vegagerðin tekur undir áhyggjur sveitarfélagsins af stöðu mála og hafa sérfræðingar hennar fylgst vandlega með stöðu mála og ástandi strandarinnar. Aflað er upplýsinga og mælinga og lagðar til þær aðgerðir sem talið er fært að grípa til í því skyni að bregðast við ástandinu. Vegagerðin telur ekki fært að svo komnu að verða við erindi sveitarfélagsins um byggingu þriðja sandfangarans eins og að framan er rakið. Vegagerðin mun hins vegar með heimild í 9. gr. laga um sjóvarnir bregðast við og ráðast í aðgerðir sem að framan er lýst í því skyni að bregðast við og verja mannvirki fyrir yfirvofandi hættu.

Síða 3/3

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri



Fylgiskjöl:

Minnisblað: Vík í Mýrdal – Sjóvarnir, flóðvarnir og þróun skipulags.

Fylgiskjöl 1 og 2 með minnisblaði.

Vegagerðin